



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2018

SÁLF2IN05 Inngangur að sálfræði

Kennari: Árni Blandon	Sk.st.	ÁB
------------------------------	---------------	-----------

Titill	Inngangur að sálfræði
Námsgrein	Sálfræði
Viðfangsefni	Almenn kynning á sálfræðinni sem fræðigrein
Skammstöfun	SÁLF2IN05
Prep	2
Einingafjöldi	5
Lýsing	Kynning á sögu og uppruna sálfræðinnar ásamt umfjöllun um helstu stefnur og viðfangsefni hennar; nemendur kynnast mikilvægustu grunnhugtökum greinarinnar.
Forkröfur	Engar
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilning á: <ul style="list-style-type: none">• þróun sálfræði og tengslum við aðrar fræðigreinar• grundvallarhugmyndum sem móta kenningar í sálfræði• leiðum sálfræði til að skýra hugsun, hegðun og tilfinningar einstaklinga• helstu tegundum náms og algengustu námsörðugleikum• helstu rannsóknaraðferðum í sálarfræði• hagnýtu gildi sálfræðinnar
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none">• skilja umfjöllun um helstu hugmyndir sem mótað hafa sálfræðina• beita algengustu hugtökum sálfræðinnar á skilmerkilegan hátt• skoða eigin hegðun og annarra út frá grundvallarhugmyndum sálfræðinnar• skoða eigin hugsun og tilfinningar út frá grundvallarhugmyndum sálfræðinnar• tjá kunnáttu sína munnlega og skriflega
Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none">• gera sér grein fyrir mótunaráhrifum umhverfis• gera sér grein fyrir samspili hugsunar, tilfinninga og hegðunar• geta með einföldum hætti yfirfært sálfræðilega þekkingu á eigin sjálfsmynd• tjá sig skipulega um einstaka efnispætti á gagnrýnninn hátt• afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér• geta gert einfalda rannsókn, skilið niðurstöður og sett skilmerkilega fram
Námsmat	Símat: Kaflapróf, verkefnavinna og námsverkefni

Kennslubækur: *Almenn sálfræði: hugur, heili, hátterni* eftir Aldísi Guðmundsdóttur og Jörgen Pind

Verkefnaskil: 1. Krossapróf í lok hvers kafla.
2. Verkefni unnin í hverjum kafla.

Námsmat: 1. Krossapróf tekin yfir önnina 90%.
2. Verkefnavinna og mæting 10%.
3. Ef nemandi nær 7,5 í tveimur fyrstu krossaprófunum gefst honum tækifæri til að ljúka áfanganum í næsta prófi (tekur þá tvö próf í einu).
4. Munnleg greinargerð fyrir verkefnaúrlausnum daginn fyrir krossapróf (fimmtudögum).
5. Skrifleg kaflapróf á föstudögum (krossar). Ef nemandi kemst ekki á þessum dögum skal hann láta vita með viku fyrirvara, ella skila inn læknisvottorði (***ekkert skrap***).
6. Prófsýnis dagar (krossar) einungis í fyrsta tíma eftir próf (mánudag).
7. Fyrir hverja fjarvist dregst einkunn niður um 0,1, fyrir hverjar þrjár seinkomur er sami frádráttur. Taka má tillit til veikinda ef nemandi er með fullkomna mætingu að öðru leyti.
8. Ef fall í einum kafla verður til að fella nemanda á önninni, getur nemandi tekið upp próf í kaflanum í lokavíkunni.
9. Ef nemandi nær yfir sjö í aðaleinkunn er heimilt að hækka einkunn hans um 0,2 ef hann fær X,3 í einkunn.
10. Fimmti hluti prófseinkunnar gildir helmingi minna en önnur próf í áfanganum. Sá hluti er á ensku.
11. Meðaleinkunn er reiknuð úr öllum fjórum prófseinkunnunum.

Áætlun um yfirferð og á önninni: Fyrri hluti bókarinnar lesinn.

Vika:

- 1.-3. Stefnur og svið sálarfræðinnar.
- 4.-7. Lífeðlislegar forsendur. Heili og taugakerfi.
- 8.-10. Námskenningar.
- 11.-13. Minni.
- 14.-15. Rannsóknaraðferðir. Hugsanleg viðbót: Sálarfræði hversdagslífsins
- 15.-16. Úrval úr lesefni á ensku

Áfangapróf: Á föstudögum í 3., 7., 10., 13., 15. og 16. viku.

Athugasemdir: Með fyrirvara um breytingar.

F.Su. Selfossi, janúar 2018

_____Árni Blandon_____